Umsjón: **Silja Aðalsteinsdóttir** *silja@dv.is*

Leikhús og list í London

– Kolbrún Bergþórsdóttir bendir Lundúnaförum á nokkur meginatriði

Breskir gagnrýnendur eru nokkuð sammála um að besta sýningin í London þessa dagana sé í Playhouse-leikhúsinu en þar er verið að sýna Þrjár systur eftir Tjekhov. Leikritaskáldið Christopher Hampton hefur séð um að koma texta Tjekhovs í búning og Michael Blakemore leikstýrir.

Gagnrýnendur hafa vart átt orð til að lýsa frammistöðu Kristinar Scott Thomas, sem leikur Möshu, enda er þarna á ferðinni svimandi stjörnuleikur. Scott Thomas lætur litlar hreyfingar og svipbrigði opinbera hugsanir og tilfinningar persónunnar þannig að maður skynjar glöggt yfirþyrmandi einsemd manneskju sem líður eins og fanga í umhverfi sínu. Masha er ekki eina persónan sem líður þannig því leikritið fjallar ekki hvað síst um fólk sem er alltaf að tala um að fara burt en minna er um framkvæmdir.

Leiksýning á heimsmælikvarða

Kate Burton (dóttir Richards Burtons) leikur elstu systurina, Olgu, á fremur lágstemmdum nótum sem virkaði vel og Madeleine Worrall var beinlínis töfrandi sem yngsta systirin, Irina. Sýningin er í heild gríðarlega vel leikin. Ég var þó ekki fullkomlega sátt við Robert Bathurst, sem leikur Vershinin og gerði hann að mínu mati að allt of miklum kjána – eiginlega heimskingja. Ég veit þó að breskir gagnrýnendur og Silja Aðalsteinsdóttir eru ekki sammála mér í mati mínu á frammistöðu leikarans. Kannski er þetta bara einfalt dæmi um það þegar leikari fer í taugarnar á manni. En hvað um það, þetta er leiksýning á heimsmælikvarða. Merkilega fyndið leikrit á köflum en um leið óendanlega dapurlegt.

Það var aukabónus að rekast á Scott Thomas eftir leiksýninguna þar sem hún var að veita aðdáendum eiginhandaráritun. Ég stillti mér upp í röð og fékk áritun. Þegar ég sagði leikkonunni að ég hefði komið frá Íslandi til að sjá hana á sviði varð hún greinilega undrandi og sagði svo: „I hope it was worth it.“ – Já, það var sannarlega þess virði.

Kór hinna þúsund radda

Leikkonan Glenn Close var meðal gesta á þrem systrum – enn einn aukabónus. Kvöldið eftir var hún kynnir í hinni glæsilegu tónleikahöll Royal Albert Hall ásamt Roger Moore. Þar var haldin mikil söngskemmtun til heiðurs leikstjóranum Trevor Nunn og sungin lög úr söngleikjum sem hann hefur leikstýrt. Nunn er ótvírætt einn af fremstu leikstjórum heims, jafnvígur á Shakespeare og söngleiki. Kannski hefur enginn nútímaleikstjóri átt jafn mikinn þátt í því og hann að færa söngleiki til fólksins og skapa þeim virðingu.


Þarna kom fram fjöldi söngstjarna en óhætt er að segja að kórinn hafi stolið senunni. Þetta er sagður vera þúsund manna kór. Ég reyndi að telja kórfélaga og komst lægst upp í sjö hundruð og hæst upp í níu hundruð. Sérstök upplifun að hlusta á um þúsund raddir og Glenn Close vék hvað eftir annað að framlagi kórsins til sýningarinnar. Sjálf söng Close lag úr Sunset Boulevard við frábærar viðtökur og Roger Moore söng ásamt nokkrum samstarfsmönnum Nunns lagið Brush Up Your Shakespeare úr Kiss Me Kate, og var það eitt fyndnasta atriði kvöldsins. Hjartnæmast var þegar ung dóttir Nunns stóð ein á sviði og söng lag Cosettu litlu úr Vesalingunum.

Mér var sagt að Royal Albert Hall tæki um 5000 manns í sæti og húsið var nær fullsetið. Ég beið í ofvæni eftir því að Trevor Nunn kæmi á svið en það tók tímann sinn. Ég hélt að þetta yrði eins og á Óskarnum að allir risu upp fyrir sigurvegaranum. Það var ekki svo, en klappið var vissulega kröftugt.

Vesalingar í átján ár

Meðal söngatriða á tónleikunum voru fjölmörg lög úr Les Miserables sem gengið hefur í átján ár í London undir leikstjórn Nunns. Ég ákvað að sjá söngleikinn en fyrir fram hafði ég litla trú á að það tækist að koma hinni miklu sögu Hugos til skila í þriggja tíma söngleik. Mér skjátlaðist illa því þetta er grípandi söngleikur þar sem dramatísk sagan er ætíð í forgrunni. Börn voru meðal áhorfenda og sátu stillt og prúð og greinilega heilluð.

Aðrir söngleikir í London sem vert er að mæla með eru My Fair Lady í leikstjórn Trevors Nunn og Lion King. My Fair Lady er nú á sínu þriðja ári en sýningum fer senn að ljúka. Það er hinn frægi Anthony Andrews (Brideshead Revisited) sem nú leikur Henry Higgins og hefur fengið prýðisdóma fyrir frammistöðu sína. Lion King er sviðsgerð á teiknimynd Disneys með lögum eftir Elton John. Þetta er afar skrautleg sýning, umgjörðin er stórkostleg og hugvitið í búningagerð er snilldarlegt. Börn sem sjá þessa sýningu eru líkleg til að vilja verða búningahönnuðir þegar þau verða stór. Söguþráðurinn er ekki beinlínis líklegur til að vekja áhuga fullorðinna og lögin þóttu mér fremur slök. Þetta er fyrst og fremst sýning fyrir augað og er að því leyti mikil veisla.



Glenn Close og Trevor Nunn
Hún var kynnir á heiðurssamkomu hans.

Titiankonur með maga

Í The National Gallery eru síðustu forvöð að sjá Titian-sýningu sem hefur staðið frá í febrúar. Þetta er ákaflega falleg sýning í sex sölum. Aðsókn hefur verið gríðarleg og miðar seldir með nær dags fyrirvara. Maður þurfti að sýna töluverða ákveðni til að komast nálægt myndunum fyrir mannfjölda en þá var líka mikils að njóta. Og þó það komi gæðamati á myndlist sjálfsagt lítið við þá er svo miklu skemmtilegra að skoða myndir af konum með maga heldur en myndir af anorexískum nútímadömum.

Að lokum er ekki annað hægt en að mæla með Madame Tussaud-vaxmyndasafninu. Þar fylgjast menn með pólitískum straumum og hafa stillt saman Blair og Bush. Það eina sem aðskilur þá félaga er ræðustóll sem gestir geta gengið upp í og fengið tekna af sér mynd milli þeirra félaga. Þetta gerði ég og myndin er sannarlega flott, en þar sem ég stend á milli Blair og Bush lít ég út eins og besta vinkona þeirra sem eru nú ekki alveg þau skilaboð sem ég vil gefa. Annað par stendur ekki langt frá. Það eru Saddam og Arafat sem í uppstillingu sýnast vera nánir samstarfsmenn. Verulega ósanngjörn uppstilling gagnvart Arafat. Ég hóf mikla leit að mínum manni, Charles Dickens, sem var þarna einhvers staðar fyrir tveimur áratugum. Ég fann hann ekki núna. Sennilega er hann í geymslu niðri í kjallara. En það er örugglega bara tímabundið. Sannir snillingar rykfalla ekki til lengri tíma. **-KB**



Þrjár systur og karlmennirnir í lífi þeirra.
Robert Bathurst yst t.v. en Kristin Scott Thomas yst t.h.

Sumri fagnað á Kjarvalsstöðum

Tvær sýningar verða opnaðar á Kjarvalsstöðum á morgun. Önnur þeirra er sýning frá Ljósmyndasafni Moskvu, annar hluti tvíhliða sýningarverkefnis þar sem íslenskar ljósmyndir voru sýndar undir sambærilegum titli í Moskvu í nóv.–des. 2002.

Verkin eru frá miðri 19. öld til samtímans og bera glöggt vitni um þær breytingar sem hafa átt sér stað í rússneskri ljósmyndun. Samtímis þróun ljósmyndasögunnar gefst mönnum tækifæri til að skyggnast inn í þær sögulegu samfélagsbreytingar sem þjóðin hefur gengið í gegnum. Á áhrifamikinn og listrænan hátt fangar myndavélarlinsan ólíka menningu og lífshætti fólksins og þjóðarinnar sem byggir framandi slóðir við misjafnar aðstæður á löngum tíma.

Hin sýningin er á höggmyndum Arnar Þorsteinssonar (f. 1948). Örn heggur listaverk úr steinum náttúrunnar og leysir með því úr læðingi formið sem leynist innan í efninu. Verk sín vinnur Örn að mestu úr sæbörðum granítsteinum sem hann hefur nálgast úr fjörum Skagafjarðar. Sýningin teygir sig um ganga Kjarvalsstaða og umhverfis húsið. Þar getur að líta fjölda höggmynda, stórra og smárra sem taka á sig ýmis form í líki furðudýra og ævintýravera.

Sýningunum lýkur 15. júní.

Ásmundarsafn fagnar tvítugsafmæli sínu á þriðjudaginn kemur, 20. maí, með opnun á yfirlitssýningunni Ásmundur Sveinsson – Nútímamaðurinn. Ásmundur var talsmaður tækniframfara, uppbyggingar og mannjöfnuðar eins og vel kemur fram í list hans. Þessi einkenni verða sérstaklega dregin fram á nýju sýningunni.

Auk þess verða á þessari sýningu nokkur verk sem lentu í eldsvoðanum í Fákafeni í ágúst í fyrra en búið er að gera við.

Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá 10–17 en Ásmundarsafn daglega kl. 10–16. Sniðugt er að fara í bæði húsin og Hafnarhús að auki sama daginn því þá gildir sami aðgöngumiðinn í öll hús.



Ljósmyndin fangar andartakið og geymir það
Emmanuil Evzerikhin: Listamaðurinn ráðleggur (1950-'60).

Besta fræðibókin



Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða, hefur útnefnt bókina Skrýtnastur er maður sjálfur – hver var Halldór Laxness eftir Auði Jónsdóttur bestu fræðibók fyrir börn sem út kom á árinu 2002. „Bókinni er ætlað að fræða okkur um líf og starf Halldórs Laxness en ekki síður um manneskjuna Halldór og þann tíma og það þjóðfélag sem hann lifði í. Dómnefnd þykir bókin athyglisvert framlag til að koma einum fremsta rithöfundi Íslendinga á framfæri við yngri kynslóðina,“ segir m.a. í áliti nefndarinnar.

Skrýtnastur er maður sjálfur var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og hefur vakið athygli heima og erlendis. Mál og menning gaf bókina út.

Kvöldmáltíðargestir

Á morgun kl. 16 verður Nattvärdsgästerna eftir Ingmar Bergman sýnd í Bæjarbíói í Hafnarfirði á vegum Kvikmyndasafns Íslands. Myndin er annar hluti af þríleik Bergmans um samband mannsins við guð.

Sunnudag nokkurn á köldum vetri þjónar prestur í lítilli sveitakirkju fámennum söfnuði sínum. Eftir guðþjónustuna reynir hann að hughreysta sjómann sem er þjakaður af kvíða en getur einungis rætt um eigið samband við guð. Kennslukonan Maerta býður prestinum ást sína sem huggun í trúarkreppu hans en hann hafnar ást hennar. Helstu leikarar eru Gunnar Björnstrand, Ingrid Thulin, Max von Sydow og Gunnel Lindblom.

Afmælisdagskrá í Gunnarshúsi



Á sunnudaginn kl. 16 efna Rithöfundasamband Íslands og Gunnarsstofnun til dagskrár á Dyngjuvegi 8 í tilefni þess að 114 ár eru liðin frá fæðingu skáldsins Gunnars Gunnarssonar. Flutt verða þrjú erindi: Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, segir frá stofnuninni og uppbyggingu á starfsemi að Skriðuklaustri; Óskar Vistdal bókmenntafræðingur greinir frá rannsóknum sínum á tengslum Gunnars við Noreg og Guðrún Ása Grímsdóttir sagnfræðingur fjallar um þá sýn sem birtist á austfirska náttúru og gildi sveitasamfélags í skáldverkum Gunnars.

Dagskráin er öllum opin.

Listamannsspjall

Bandaríski myndlistarmaðurinn Richard Vaux, prófessor í listum við Adelphi háskólann í New York, sýnir nú verk sín í Hafnarborg. Á morgun kl. 14 fjallar hann um verk sín, uppsprettu og þróun hugmynda og þá tækni sem hann beitir við vinnu sína. Hann sýnir einnig skyggnur af eldri og nýrri verkum ásamt því umhverfi sem hann vinnur í, en heimili hans og vinnustofa eru á norðurströnd Long Island. í New York.

Hátíðartónleikar



Í tilefni af hálfrar aldar starfsemi Tónmenntaskóla Reykjavíkur efnir skólinn til tvennra hátíðartónleika í Salnum, Kópavogi, á sunnudaginn kl. 17 og mánudaginn kl. 20. Flytjendur eru svo til allir fyrrverandi nemendur gamla Barnamúsíkskólans og Tónmenntaskólans, allt þekktir tónlistarmenn. Meðal þátttakenda eru Gunnar Kvaran, Sigrún Eðvaldsdóttir, Sigurbjörn Bernharðsson og Ásdís Valdimarsdóttir.

Eivör syngur

Færeyska söngkonan Eivör Pálsdóttir heldur tónleika ásamt hljómsveit sinni, þeim Birgi Bragasyni, Pétri Grétarssyni og Eðvarð Lárussyni, í Iðnó í kvöld kl. 22. Þau leika tónlist eftir Eivör og einnig þjóðlög og þjóðleg lög, bæði íslensk og færeysk. Mikið er fram undan hjá þeim á næstunni, t.d. leika þau á tónleikum í Svíþjóð í lok maí, verða á stórri tónlistarhátíð í Noregi og listahátíð í Færeyjum í sumar, auk tónleika á Íslandi. Jafnframt þessu munu þau taka upp plötu sem kemur út í haust.